

Pórarinn Pórarinsson/Giancarlo Gianazza  
Flyðrugrandi 6  
107 Reykjavík

Garðabær, 4.apríl 2025  
202503-0239/P.V.B.  
10.02.01

### **Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum - Kerlingarfjöll**

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Pórarins Pórarinssonar og Giancarlo Gianazza, dagsett föstudagur, 19. mars 2025, um leyfi til rannsókna innan Kerlingarfjalla.

Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. [auglýsing nr. 822/2020](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi. Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til áframhaldandi rannsókna í Skipholtskrók sem fóru fram 2024 og Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir með bréfi dagsettu 15. maí 2024. Til stendur að handgrafa ca. 1 meters djúpa holu til að athuga hvort hreyft hafi verið við 800 ára gömlum öskulögum. Sverðinum yrði flétt af, jarðlög könnuð, mokað aftur ofan í holuna og svörður lagður á sama stað. Með umsókn fylgdi kort sem sýnir staðsetningu holunar sem til stendur að grafa. Að rannsókninni kæmu 7-10 manns. Ráðgert er að fara í rannsóknina síðsumars 2025.

### **Áhrifamat:**

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og gesti þess sé farið að skilyrðum leyfisins. Svæðið er utan alfararleiðar og fái sem eiga þarna leið um. Stofnunin metur að neikvæð áhrif á náttúrufar séu einkum bundin við rannsóknartímann og hægt sé að draga úr þeim sé farið er eftir skilyrðum.

### **Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Pórarinn Pórarinssyni og Giancarlo Gianazza fyrir sitt leyti leyfi til rannsókna innan Kerlingarfjalla sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið á tímabilinu 15 júní til 30 september 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Varðveita skal þann gróður sem fjarlægja þarf og leggja hann aftur yfir sárið að verki loknu.
- Það efni sem grafið er upp úr holunni skal lagt á svæði sem er lítt eða ógróið. Reynist það ekki unnt skal það sett á dúk til að auðveldara sé að fjarlægja það af gróðurlendinu þegar það er sett aftur í holuna.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar þarf ef flytja á sýni úr landi.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

**Leyfisgjald:**

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400**. sbr. 7. gr. a. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

**Eftirlit:**

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Valdimar Kristjánsson

**svæðissérfræðingur**

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir

**sérfræðingur**